

Fyrirspurn um ástand á húsnæði Kópavogsskóla

Foreldrar og starfsfólk Kópavogsskóla hafa lýst áhyggjum af ástandinu í Kópavogsskóla eftir að mygla greindist t í hluta húsnæðis skólans, m.a. í rýmum sem ætlað er að hýsa skrifstofur starfsfólks. Einnig liggur fyrir að skólabókasafnið hafi verið fært úr sínu hefðbundna rými og sé nú staðsett á gangi skólans vegna ástands húsnæðis.

Með hliðsjón af því óskar undirrituð eftir svörum við eftirfarandi:

1. Hefur mygla verið staðfest í húsnæði skólans? Ef svo er hvers vegna hefur starfsfólk og foreldrar ekki verið formlega upplýstir?
2. Hvenær var hún greind og hvert er umfang hennar?
3. Hvaða úrbætur hafa verið framkvæmdar og hver er staða þeirra í dag? Hver er áætlaður kostnaður við fullar úrbætur og hve mikill kostnaður hefur þegar fallið til vegna myglu í húsnæði skólans?
4. Hvernig er tryggt að starfsfólk og nemendur búi við öruggt og heilsusamlegt starfs- og námsumhverfi?
5. Telja bæjaryfirvöld að núverandi aðstæður, m.a. varðandi bókasafn og vinnuaðstöðu starfsfólks, uppfylli faglegar og lögbundnar kröfur?

Í ljósi þess að áður hafa komið upp myglumál í skólanum er mikilvægt að upplýst sé um núverandi stöðu, framkvæmdir og fyrirhugaðar aðgerðir.